

Mánudagurinn 22. apríl 1996 kl. 12:15

72. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 15/1996

Kvörtun yfir auglýsingum GKS ehf. um húsgagnagerð í 88 ár

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 26. febrúar 1996, frá Guðmundi Pálmasyni, hdl., sem fyrir hönd Á. Guðmundssonar ehf. kvartar yfir auglýsingum GKS ehf. þar sem m.a. kemur fram : „Húsgagnagerð í 88 ár“.

Í erindinu segir:

„Kærða var stofnað fyrir nokkrum árum síðan við sameiningu þriggja fyrirtækja er stundað höfðu húsgagnaframleiðslu um nokkurt skeið. Ekki er með nokkrum rökum hægt að sýna fram á að kærða geti staðið undir fullyrðingunni um „Húsgagnagerð í 88 ár“.

Tilgangur kærða, sem telur sig í harðri samkeppni við kæranda við framleiðslu og sölu á húsgögnum, er augljóslega sá að beita neytendur vísvitandi blekkingum, sem undir engum kringumstæðum er hægt að una með tilliti til siðlegra viðskiptahátta sem samkeppnislög eiga að tryggja.“

Lögmaðurinn telur auglýsingarnar skýlaust brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi lögmanns Á. Guðmundssonar var sent GKS til umsagnar og barst svar, dags. 6. mars 1996, þar sem segir m.a.:

*„Eins og fram kemur í meðfylgjandi kynningarbréfi hefur félagið verið kynnt með beinum hætti og í auglýsingum, sem fyrirtæki sem byggir á grunni þeirra fyrirtækja sem hafa sameinast undir núverandi nafni gks. GKS stendur fyrir, Gamla Kompaníið stofnað **1908**, Kristján Siggeirsson stofnað 1919 og Steinar stálhúsgagnagerð stofnað 1960. Gks byggir á arfleið þessara fyrirtækja og frá stofnun Gamla Kompanísins eru liðin 88 ár. Félagið hefur því stundað húsgagnagerð í 88 ár á þessu ári eins og fram hefur komið í auglýsingum félagsins. Þessi tilvísun hefur verið notuð í öllu kynningarefni sem sent hefur verið frá félaginu frá árinu 1989.“*

Á bréfsefni GKS eru undir nafni fyrirtækisins talin upp þau fyrirtæki, ásamt stofnári, sem nafn þess er dregið af.

2.

Svar GKS var sent lögmanni Á. Guðmundssonar til athugasemda. Svar hans er dags. 25. mars og þar segir:

„Í bréfi framkvæmdastjóra Gks ehf. og hjálögðu kynningarbréfi hans, kemur beinlínis fram að fyrirtækið Gks ehf. hafi verið stofnað árið 1989. Af því leiðir að Gks ehf. er ekki nema sjö ára gamalt fyrirtæki og fullyrðingin „húsgagnagerð í 88 ár“ fær ekki staðist. Umbj. minn hefur hins vegar aldrei mótmælt því að Gamla Kompaníið hafi verið stofnað árið 1908.

Kæra umbj. míns varðar eingöngu fullyrðingu kærða er segir „húsgagnagerð í 88 ár“. Notkun Gks ehf. á slagorði þessu telur undirritaður vera brot á samkeppnislögum, enda kemur ekkert fram í auglýsingunum, sem segir að byggt sé á arfleifð einhverra annarra fyrirtækja. Neytandinn (lesandinn) setur að sjálf-sögðu samasemmerki milli auglýsandans og slagorðsins, eins og væntanlega stefnt er að.“

III. Lagaumhverfi

Lögmaður Á. Guðmundssonar telur auglýsingar GKS vera brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga. 20. greinin hljóðar svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskipta-hætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfi-legt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í 21. gr. segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaáðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaáðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaáðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

IV. Álit auglýsinganefndar

Á fundi ráðgjafarnefndar Samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, þann 25. mars 1996, var fjallað um kvörtun lögmanns Á. Guðmundssonar yfir auglýsingum GKS. Eins og fram kemur í gögnum málsins, var fyrirtækið GKS stofnsett á árinu 1989, með sameiningu þriggja eldri fyrirtækja, Gamla Kompanísins, sem stofnað var árið 1908, Kristjáns Siggeirssonar, sem stofnað var árið 1919, og Steinars stálhúsgagnagerðar, sem stofnað var árið 1960. Þessar upplýsingar koma fram í kynningarbæklingi og á bréfsefni GKS en er ekki sérstaklega getið í auglýsingum fyrirtækisins þó svo að þar sé getið um „88 ár í húsgagnagerð“. Auglýsinganefnd fellst ekki á að auglýsingar GKS um húsgagnagerð í 88 ár brjóti í bága við 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, enda byggir GKS á langri reynslu þeirra fyrirtækja sem að því standa. Óumdeilt er að Gamla

Kompaníð var stofnað árið 1908. Ennfremur hefur öll kynning á GKS verið með þeim hætti að ekki fer milli mála að verið er að vísa til reynslu þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun GKS.

VI.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að auglýsingar GKS ehf. um húsgagnagerð í 88 ár feli ekki í sér brot á ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem fyrirtækið byggir á 88 ára reynslu í húsgagnagerð.

Samkeppnisráð mun því ekki hafast frekar að í máli þessu.“